

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2008

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2008

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Kennitölur	14

Skýrsla stjórnar

Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttækinnna iðgjalda

Á árinu 2008 greiddu að meðaltali 919 virkir sjóðfélagar iðgjöld til A-deildar sjóðsins á mánuði samanborið við 1.090 að meðaltali árið 2007. Virkum sjóðfélögum í desember 2008 þ.e. þeim sem þá greiddu iðgjöld til sjóðsins hafði fækkað um 93 frá desember 2007 eða úr 993 í 900. Alls áunnu 932 einstaklingar sér rétt vegna iðgjalda á árinu samanborið við 1.026 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru samtals 15.802 talsins, 1.727 í A-deild en 14.110 í B-deild (stíga sjóður).

Innheimt heildariðgjöld ásamt móttframlagi launagreiðanda voru rúmlega 1.484 m.kr. og hækkuðu lítillega eða um tæp 6% á milli ára. Réttindaflutningur og endurgreiðslur voru rúmar 4 m.kr. og hækkuðu um 8% á milli ára.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings hækkað um 3% frá fyrra ári eða í 67%. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru eðlilega ekki krafín um hlutdeild í lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2008 námu um 2.064 m.kr., sem er tæplega 7% hækkan frá fyrra ári. Má rekja þá hækkan til fjölgunar lífeyrisþega á árinu 2008 sem og kjarasamningsbundinna hækkana. Að meðaltali fengu 2.553 einstaklingar á mánuði greiddan lífeyri, sem skiptist þannig: 1.727 ellilífeyri, 351 örorkulífeyri, 447 makalífeyri og 28 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir árið 2007 voru 2.509 að meðaltali á mánuði, sem skiptist þannig 1.670 ellilífeyri, 359 örorkulífeyri, 443 makalífeyri og 37 barnalífeyri.

Fjárfestingar

Í árslok 2008 námu fjárfestingar sjóðsins 46.745 m.kr., samanborið við 40.106 m.kr. í ársbyrjun. Sjóðurinn ráðstafaði 7.356 m.kr. til verðbréfakaupa. Fjárfestingar skiptust þannig: verðbréf með föstum tekjum 4.622 m.kr. eða um 63% og verðbréf með breytilegum tekjum 2.734 m.kr. eða um 37%. Samsetning fjárfestinga er með þeim hætti að 99% er í íslenskum krónum og 1% í öðrum gjaldmiðlum.

Á árinu voru seld verðbréf og fengnar afborganir verðbréfa fyrir 5.545 m.kr., samanborið við 6.236 m.kr. árið áður.

Erfiðleikar á fjármálamörkuðum höfðu mun minni áhrif á afkomu sjóðsins en vænta mátti. Eign í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum var lítil og sömuleiðis átti sjóðurinn lítið af skuldabréfum útgefnum af stóru bönkunum. Hins vegar átti sjóðurinn skuldabréf á minni fjármálastofnanir sem og íslensk fyrirtæki sem rétt þótti að færa niður til varúðar. Nam sú niðurfærsla um 20% af uppreiknuðu verðmæti skuldabréfa fjármálastofnana og um 40% af skuldabréfum fyrirtækja. Hlutfall þessara eigna var hins vegar mjög lítið af eignasafni sjóðsins og nemur niðurfærslan rúmum 2% af eignasafninu.

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er viðkomandi launagreiðendum gerður reikningur fyrir hluta útgreidds mánaðarlegs lífeyris sem byggður er á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 67%. Lífeyrisjóðurinn stendur þannig undir 33% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á trygga ávöxtun með fjárfestingum á skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris 47.301 m.kr. í árslok 2008, en var 40.279 m.kr. í árslok 2007.

Um 79% af eignasafni sjóðsins eru verðtryggð skuldabréf með ábyrgð ríkisins. Skuldabréf fjármálastofnana og fyrirtækja nema tæpum 15% eftir niðurfærslu og eru þau einnig verðtryggð. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið verðbótum ársins sem og föstum bréfanna. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar og námu alls 7.674 m.kr.

Nafnávöxtun sjóðsins var samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins 19% og hrein raunávöxtun 2,3%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,2% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur eru orðnar hærri en sem nemur iðgjöldum. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna ítarlegri upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Skýrsla stjórnar

Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam tæpum 46 m. kr. sem er um 0,09% af hreinni eign samanborið við 0,11% árið áður. Fjárfestingagjöld voru rúmlega 22 m.kr. á móti rúmlega 14 m.kr. árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eftir lok reikningsársins eða í mars 2009 voru Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu. Eignir sjóðsins í hlutabréfum þessara félaga námu um 2 m.kr. Sjóðurinn á einnig skuldabréf útgefin af þessum félögum. Bókfært verð þeirra er um 207 m.kr. eftir að þau hafa verið færð niður um varúðarniðurfærslu að fjárhæð um 71 m.kr. Veruleg óvissa ríkir um innheimtu þessara skuldabréfa.

Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2008 nam áfallin skuldbinding A-deildar lífeyrissjóðsins 60.060 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar nam 2.679 m.kr. eða samtals 62.739 m.kr. Samtals hækka áfallnar skuldbindingar um rúm 11%. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Staðfesting stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. apríl 2009.

Í stjórn


Alfred Þorsteinsson
stjórnarformaður



Björk Vilhelmsdóttir


Benedikt Geirsson


Garðar Hilmarsson


Sjöfn Ingólfssdóttir

Framkvæmdastjóri


Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 21. apríl 2009.

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		123.247.763	128.062.585
Iðgjöld launagreiðenda	12	1.360.595.662	1.275.243.783
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(4.061.267)	(3.759.608)
Sérstök aukaframlög	13	0	23.937.877.960
		<u>1.479.782.158</u>	<u>25.337.424.720</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	14	(2.064.294.722)	(1.933.001.541)
		<u>(2.064.294.722)</u>	<u>(1.933.001.541)</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		(75.150.172)	227.179
Vaxtatekjur og gengismunur	15	7.749.276.644	3.752.437.382
		<u>7.674.126.472</u>	<u>3.752.664.561</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16	(22.402.477)	(14.372.084)
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16	(45.570.512)	(43.116.250)
Hækkun á hreinni eign á árinu			
		7.021.640.919	27.099.599.406
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>40.278.978.815</u>	<u>13.179.379.409</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris			
		<u>47.300.619.734</u>	<u>40.278.978.815</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	17	1.521.900.095	2.579.378.595
Verðbréf með föstum tekjum	18	43.826.419.003	36.342.922.823
Veðlán	19	1.396.817.840	1.183.351.946
		<u>46.745.136.938</u>	<u>40.105.653.364</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	23	53.449.475	28.938.386
		<u>53.449.475</u>	<u>28.938.386</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		567.860.750	195.789.701
		<u>567.860.750</u>	<u>195.789.701</u>
	Eignir alls	<u>47.366.447.163</u>	<u>40.330.381.451</u>
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir		65.827.429	51.402.636
	Skuldir alls	<u>65.827.429</u>	<u>51.402.636</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>47.300.619.734</u>	<u>40.278.978.815</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Inngreiðslur			
Iðgjöld		1.455.271.069	25.178.174.088
Fjárfestingartekjur		2.859.383.577	2.329.662.299
Afborganir verðbréfa		829.780.831	4.277.438.971
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		3.726.102.469	895.275.688
Seld verðbréf með föstum tekjum		989.477.934	1.062.862.864
		<u>9.860.015.880</u>	<u>33.743.413.910</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		(2.064.294.722)	(1.933.001.541)
Fjárfestingargjöld		(22.402.477)	(14.372.084)
Rekstkostnaður án afskrifta		(45.570.512)	(33.827.764)
		<u>(2.132.267.711)</u>	<u>(1.981.201.389)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>7.727.748.169</u>	<u>31.762.212.521</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(2.733.505.534)	(3.662.977.698)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(4.622.171.586)	(28.096.354.361)
		<u>(7.355.677.120)</u>	<u>(31.759.332.059)</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum		372.071.049	2.880.462
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>195.789.701</u>	<u>192.909.239</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u><u>567.860.750</u></u>	<u><u>195.789.701</u></u>

Skýringar

Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) starfar samkvæmt lögum nr. 129 / 1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 640) og starfar hann í tveimur deildum, A-deild og B-deild.
2. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til hans. Launþegar greiða 4% og launagreiðendur 8% af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu að viðbætti persónuuppbót og orlofsframlagi.
3. Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára, enda láti hann þá af starfi. Sjóðfélagi er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri er hann verður fyrir orkutapi sem metið er á 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi máki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagsins í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða, kjósi sjóðfélagi sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.
4. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) hefur frá 1. júní 1999 haft umsjón með og annast rekstur sjóðsins.

Reikningsskilaaðferðir

5. Ársreikningurinn er í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings árið áður.
6. Iðgjöld eru tekjufærð þegar skilagreinar berast sjóðnum.
7. Tekjur af eignarhlutum samanstanda af arði af hlutabréfum, breytingu á gengi hlutabréfa sem færð eru á markaðsverði, þ.m.t. gjaldmiðlabreytingu, og hagnað eða tap af sölu skráðra hlutabréfa.
8. Vaxtatekjur og gengismunur eru vaxtatekjur og verðbætur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum og bundnum bankainnistæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og velutínnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af gengistryggðum skuldabréfum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.
9. Fjárfestingum er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bankainnistæður. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu að teknu tilliti til niðurfærslu.
10. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.
11. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Skýringar

Iðgjöld

12. Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

	2008	2007
Lögbundin iðgjöld launagreiðenda.....	214.641.305	203.206.442
Krafin viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum.....	976.836.510	888.264.993
Samtímagreiðslur.....	169.117.847	183.772.348
	<u>1.360.595.662</u>	<u>1.275.243.783</u>

13. Sérstök aukaframlög árið 2007 var greiðsla frá Reykjavíkurborg, sem hluti af andvirði sölu borgarinnar á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Greiðslan var afhent sjóðnum til að styrkja eignastöðu hans og gera sjóðinn betur í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum um greiðslu lífeyri.

Lífeyrir

14. Lífeyrir greinist þannig:

	2008	2007
Ellilífeyrir.....	1.487.514.812	1.367.234.342
Makalífeyrir.....	442.516.769	435.969.564
Örorkulífeyrir.....	131.567.101	126.699.181
Barnalífeyrir.....	2.696.040	3.098.454
	<u>2.064.294.722</u>	<u>1.933.001.541</u>
Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal).....	2.553	2.508

Fjárfestingartekjur

15. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2008	2007
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	232.126.712	(87.725.966)
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	8.033.005.794	3.690.930.120
Af veðlánnum.....	264.842.646	137.906.623
Af bankainnistæðum.....	31.227.261	9.773.327
Af gjaldmiðlasamningum.....	(66.412.033)	670.695
Að öðrum liðum.....	6.286.898	882.583
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur.....	(751.800.634)	0
	<u>7.749.276.644</u>	<u>3.752.437.382</u>

Fjárfestingargjöld

16. Skipting skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar er byggð á mati stjórnenda að 25% af rekstrarkostnaði sjóðsins sé vegna vinnu við fjárfestingar hans.

Skýringar

Fjárfestingar

17. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Innlend hlutabréf.....	3.028.139	39.629.240
Erlend hlutabréf.....	0	7.970.598
Innlend hlutdeildarskírteini.....	1.373.677.515	1.685.859.645
Erlend hlutdeildarskírteini.....	211.606.474	845.919.112
Gjaldmiðlasamningar.....	(66.412.033)	0
	<u>1.521.900.095</u>	<u>2.579.378.595</u>

Eignarhlutdeild í einstökum félögum er undir 2% og bókfært virði undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

18. Gjaldmiðlasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhrifum vaxta- og gengisbreytinga. Bókfærð staða og undirliggjandi fjárhæðir greinast þannig, en samningarnir eru metnir samkvæmt árslokayfirlitum bankanna:

	Eign	Skuld	Samtals 31.12.2008	Samtals 31.12.2007
Gjaldmiðlasamningar.....	109.022.496	175.434.529	(66.412.033)	0

Vegna falls íslensku bankanna í október 2008 hafa samningar sem voru á gjalddaga eftir það ekki verið gerðir upp. Óvíst er hvenær og með hvaða hætti það verður gert. Sjóðurinn á kröfur á bankana vegna keyptrá skuldabréfa og mun óska eftir skuldajöfnun. Bókfærð staða og skuldajöfnunarkrafa greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Gjaldmiðlasamningar.....	(66.412.033)	0
Skuldajöfnunarkrafa.....	66.412.033	0
	<u>0</u>	<u>0</u>

18. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	36.765.060.537	30.327.380.481
Skuldabréf sveitarfélaga.....	78.318.726	56.203.290
Skuldabréf lánastofnana.....	1.378.371.971	718.973.329
Skuldabréf fyrirtækja.....	5.604.667.769	5.240.365.723
	<u>43.826.419.003</u>	<u>36.342.922.823</u>
Áætlað markaðsverð.....	43.519.783.373	35.628.574.105

Við fall bankanna varð markaður með innlend skuldabréf nánast óvirkur hvað varðar önnur bréf en ríkisskuldabréf. Útgefendur skráðra skuldabréfaflokka hafa margir hverjir verið teknir til gjaldþrotaskipta, óskað eftir greiðslustöðvun eða óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa hafa skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af lánastofnunum og fyrirtækjum verið færð niður um 752 m.kr. eða sem nemur 10% af bókfærðu verði þeirra. Takmarkaðar upplýsingar eru í sumum tilvikum um þessar eignir og veruleg óvissan um mat á verðmæti þeirra.

Skýringar

19. Veðlán greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Veðlán til sjóðfélaga.....	1.058.503.825	1.066.182.656
Veðlán til annarra.....	338.314.015	117.169.290
	<u>1.396.817.840</u>	<u>1.183.351.946</u>

Veðlán eru ekki færð niður í efnahagsreikningi, þar sem ekki er talin óvissa um innheimtu þeirra.

20. Verðbréf með föstum tekjum hafa verið færð niður í efnahagsreikningi. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Niðurfærslan greinist þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldabréf lánastofnana.....	91.919.236	0
Skuldabréf fyrirtækja.....	659.881.398	0
	<u>751.800.634</u>	<u>0</u>

21. Sjóðurinn á engar fullnustueignir.

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

22. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	31.12.2008	31.12.2007
Íslenskar krónur (ISK).....	46.560.957.341	39.414.699.054
Evrur (EUR).....	171.232.613	682.975.041
Bandaríkjadóllarar (USD).....	143.019	8.671
Aðrir gjaldmiðlar.....	12.803.965	7.970.598
	<u>46.745.136.938</u>	<u>40.105.653.364</u>

Kröfur

23. Kröfur á launagreiðendur eru vegna óinnheimtra iðgjalda. Kröfurnar eru ekki færðar niður í efnahagsreikningi þar sem ekki er talin óvissa um innheimtu þeirra.

Skýringar

Póknanir

24. Heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar greinist þannig:

	2008	2007
Alfreð Þór Þorsteinsson, formaður stjórnar	314.960	744.000
Benedikt Geirsson, stjórnarmaður	410.440	372.000
Björk Vilhelmsdóttir	316.200	0
Gardar Hilmarsson, stjórnarmaður	377.580	372.000
Jóhanna Sigríður Eyjólfsdóttir, stjórnarmaður	21.244	0
Jón Kári Jónsson, stjórnarmaður	189.720	0
Marta Guðjónsdóttir, stjórnarmaður	189.720	0
Sjöfn Ingólfssdóttir, stjórnarmaður	377.580	372.000
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, stjórnarmaður	31.000	372.000
	<u>2.228.444</u>	<u>2.232.000</u>

25. Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings	997.806	592.833
Innri endurskoðun	471.544	445.881
	<u>1.469.350</u>	<u>1.038.714</u>

Atburðir eftir lok reikningskiladags

26. Eftir lok reikningsársins eða í mars 2009 voru Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu. Eignir sjóðsins í hlutabréfum þessara félaga námu 2 m.kr. Sjóðurinn á einnig skuldabréf útgefin af þessum félögum. Bókfært verð þeirra er 207 m.kr. eftir að þau hafa verið færð niður um varúðarniðurfærslu að fjárhæð 71 m.kr. Veruleg óvissa ríkir um innheimtu þessara skuldabréfa.

Skýringar

Tryggingafræðileg athugun

27. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

<i>A - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2008	Samtals 31.12.2007
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	44.717	0	44.717	37.769
Endurmat verðbréfa.....	1.976	0	1.976	3.022
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar.....	(329)	0	(329)	(192)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	3.791	3.791	3.128
Eignir alls	46.364	3.791	50.155	43.727
Ellilífeyrir.....	45.239	7.615	52.854	47.464
Örorkulífeyrir.....	1.705	286	1.992	1.908
Makalífeyrir.....	12.071	1.634	13.705	12.674
Barnalífeyrir.....	44	0	44	56
Rekstrarkostnaður.....	1.001	226	1.227	1.265
Skuldbindingar alls	60.060	9.762	69.821	63.367
Eignir umfram skuldbindingar.....	(13.696)	(5.971)	(19.667)	(19.640)
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(22,8%)	(61,2%)	(28,2%)	(31,0%)
<i>B - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2008	Samtals 31.12.2007
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	2.584	0	2.584	2.099
Endurmat verðbréfa.....	114	0	114	168
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar.....	(19)	0	(19)	(11)
Eignir alls	2.679	0	2.679	2.256
Ellilífeyrir.....	2.169	0	2.169	1.803
Örorkulífeyrir.....	375	0	375	338
Makalífeyrir.....	91	0	91	72
Rekstrarkostnaður.....	45	0	45	43
Skuldbindingar alls	2.679	0	2.679	2.256
Eignir umfram skuldbindingar.....	0	0	0	0
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Kennitölur

	2008	2007	2006	2005	2004
Ávöxtun					
Nafnávöxtun	19,0%	14,9%	11,0%	7,3%	7,5%
Hrein raunávöxtun	2,3%	8,5%	3,8%	3,1%	3,5%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,2%	5,8%	4,8%	4,4%	3,7%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð	2,4%	6,2%	21,4%	17,3%	14,5%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð	0,8%	0,3%	0,5%	0,4%	0,4%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð	22,3%	17,0%	58,0%	64,2%	57,8%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð	71,5%	73,8%	7,6%	1,2%	0,2%
Veðlán, skráð	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Veðlán, óskráð	2,6%	2,7%	12,5%	16,9%	27,1%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	99,6%	98,3%	96,3%	98,6%	97,7%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0,4%	1,7%	3,7%	1,4%	2,3%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Fjöldi					
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	919	1.090	1.212	1.364	1.415
Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal)	2.553	2.508	2.454	2.086	2.019
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir	72,1%	70,7%	69,2%	68,8%	68,4%
Örorkulífeyrir	21,4%	22,6%	24,1%	24,4%	7,0%
Makalífeyrir	6,4%	6,6%	6,5%	6,6%	24,3%
Barnalífeyrir	0,1%	20,0%	0,2%	0,2%	0,3%
	<u>100,0%</u>	<u>119,9%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(28,2%)	(29,9%)	(72,7%)	(71,8%)	(70,5%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(22,8%)	(23,9%)	(73,9%)	(73,0%)	(71,9%)
Rekstur					
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign	0,1%	0,1%	0,4%	0,4%	0,4%